

BROTHÆTTAR BYGGÐIR

Dalabyggð

Stöðuskýrsla 2022



Efnisyfirlit

Greining á stöðu byggðalagsins

A) Þróun síðustu ára og núverandi staða - 4

Lýðfræðilegir þættir

Staða í atvinnumálum og helstu breytingar síðustu ára

Vinnusóknarsvæði

Innviðir

Húsnæðismál

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

Meðalútsvarsstofn á íbúa í sveitarfélaginu

Framboð á þjónustu

Sérstaða byggðarlagsins

B) Horfur næstu ára og helstu ályktanir um forsendur - 26

Lýðfræðilegir þættir

Horfur í atvinnumálum

Innviðir og möguleg þróun þeirra á komandi árum

Þróun húsnæðismála á næstu árum

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins á næstu árum

Sérstaða byggðarlagsins og vægi hennar á komandi árum

Samantekt

SVÓT-greining - 40

Snertifletir við aðrar opinberar áætlanir - 41

Byggðaáætlun

Sóknaráætlun Vesturlands

Svæðisskipulag

Aðalskipulag

Greining á stöðu byggðalagsins

Dalabyggð er fámennt en víðfeðmt sveitarfélag á Vesturlandi. Íbúar í Dalabyggð eru 665 talsins¹ en sveitarfélagið er um 2.421 km² að stærð. Frá Dalabyggð liggja leiðir til Vestfjarða, Stranda, Húnavatnssýslunnanna, Borgarness og Snæfellsness. Dalabyggð er landbúnaðarhérað og býr meirihluti íbúa í dreifbýli. Búðardalur er eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu en þar búa 256 manns.


Verkefnið DalaAuður hófst í Dalabyggð með íbúapingi í mars 2022. Verkefnið er hluti af byggðapróunarverkefninu Brothættar byggðir á vegum Byggðastofnunar og samstarfsaðila. Í þessari stöðugreiningu er farið yfir helstu atriði er varpa ljósi á stöðu Dalabyggðar í upphafi verkefnisins og þá þætti sem gætu haft áhrif á mótun stefnu fyrir verkefnið DalaAuð.

Stöðugreiningunni er skipt upp í A hluta, þar sem farið er yfir núverandi stöðu og B hluta þar sem skoðaðar eru framtíðarhorfur fyrir byggðarlagið. Í lok B hluta er tekin saman SVÓT greining fyrir byggðarlagið. Í viðauka er greint í stuttu máli frá öðrum áætlunum sem varða hagsmuni Dalabyggðar og þar með verkefnið DalaAuð.

¹ Miðað við tölur frá Hagstofunni 6. júlí 2022

A-hluti. Þróun síðustu ára og núverandi staða

Lýðfræðilegir þættir




Mynd 1

Íbúum í Dalabyggð fækkaði talsvert í upphafi aldarinnar. Eftir nokkurn stöðugleika í fjölda íbúa frá 2007 til 2018 fækkaði íbúum hratt á árunum 2019 til 2021. Frá 2021 hefur hins vegar orðið fjölgun í sveitarfélaginu en óljóst er hvort um sé að ræða tímabundna breytingu eða vísi að framtíðarþróun til batnaðar.²

Á myndunum hér fyrir neðan sést aldersdreifing miðað við tölur Hagstofunnar um íbúafjölda í byrjun árs 2021. Aldersdreifing í Dalabyggð er að sumu leyti í nokkru samræmi við aldersdreifingu á landsvísu. Áberandi fáir eru þó í aldurshópnum 30 - 49 ára, sem er fjölmennasti aldurshópurinn


² Sjá húsnæðisáætlun: [dalabyggd-husnaedisaaetlun-2022.pdf \(hms.is\)](https://hms.is/dalabyggd-husnaedisaaetlun-2022.pdf)

ef skoðuð er aldrsdreifing á landsvísu. Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri íbúar 55 ára og eldri í Dalabyggð. Á neðri myndinni má sjá aldrsdreifingu í hlutföllum í Dalabyggð, ásamt hlutfallsdreifingu fyrir landið í heild. Myndin er tekin úr skýrslu af vef Þjóðskrár í mars 2022.



Mynd 2

Aldrsdreifing íbúa



43,1 ára
Meðalaldur íbúa

95 ára
Elsti íbúinn

Mynd 3

NORDREGIO viðmið stig alls * 10						80
Samantekt:	620		Dalabyggð			
Aldurshópur	fjöldi	Hlutfall	Viðmið	kriteria	Stig	
0-14 ára	99	15,97%	17,50%	<	1	
15-24 ára	82	13,23%	12,50%	<	0	
25-54 ára	202	32,58%	37,50%	<	1	
55-64	102	16,45%	14,00%	>	1	
65+	135	21,77%	18,00%	>	1	
	620	100,00%			4	
Konur færri en karlar (í samfélaginu í heild)?						
Konur	308	98,7%	100,0%	<	1	
Karlar	312					
Fjöldi kvenna sem hlutfall af fj. karla á aldrinum 15-64 ára						
Konur 15-64	194	101,0%	95,0%	<	0	
Karlar 15-64	192					
Fæðingartíðni pr. 1.000 íbúa lægri en 11% (nálgun út frá íbúum á 1. ári)						
Íbúar á 1 ári	5	8,1%	11,0%	<	1	
Íbúar alls	620					
Dalabyggð - fæðingartíðni pr. 1.000 íbúa lægri en 11%						
Lifandi fæddir	5	7,8%	11,0%	<	1	
Íbúar alls	643					
Dalabyggð - dánir pr. 1.000 íbúa hærrí en 10%						
Dánir	7	10,9%	10,0%	>	1	
Íbúar alls	643					
Dalabyggð (Aðfluttir-brottfluttir) < 0						
Aðfluttir - brottfluttir		-18	0	>	1	

Mynd 4 – NORDREGIO VIÐMIÐ

Nordregio stuðlar

Á vegum NORDREGIO hafa verið þróaðir stuðlar yfir lýðfræðilega heilsu byggðarlaga. Byggðastofnun hefur stuðst við þessa aðferð undanfarin ár í mati sínu á stöðu byggðarlaga m.t.t. samstarfs undir hatti Brothættra byggða. Við skoðun á árinu 2021 kom í ljós að sé horft á stuðlana út frá tölum í Dalabyggð er staðan ekki eins góð og hún gæti- eða þyrfti að

vera. Alls er mælt á tíu punktum og stig geta flest orðið 100 þar sem staðan er mjög erfið. Dalabyggð skorar 80 stig og það er aðeins í hlutföllum kynja á aldrinum 15-64 ára og í fjölda íbúa á aldrinum 15-24 ára sem staðan telst góð út frá skilgreiningu NORDREGIO (sjá mynd). Segja má að þetta sé endurteknin túlkun á þeim tölum sem birtist á súluriti yfir aldursdreifingu og styður því við þær niðurstöður sem þar birtast.

Staða í atvinnumálum og helstu breytingar síðustu ára

Í stefnu Dalabyggðar fyrir 2019-2022 voru sett fram þau markmið að byggja upp Vínlandssetur, ljósleiðaravæða dreifbýli og úthluta lóðum til uppbyggingar atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og er þeim aðgerðum lokið.³ Þá hefur Dalabyggð unnið að því að auglýsa störf án staðsetningar og vorið 2022 var opnað nýsköpunarsetur í Stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, sem einnig hýsir sveitarstjórnarskrifstofur, héraðsskjalasafn og bókasafn Dalabyggðar. Eru vonir bundnar við að þessar aðgerðir fjölgi óstaðbundnum störfum á svæðinu.

Hjá sveitarfélaginu vinna 72 manns að sveitarstjórn meðtalinni. Stærsti atvinnurekandinn í Dalabyggð, að sveitarfélaginu sjálfu undanskildu, er Mjólkurstöðin sem rekin er af MS. Landbúnaður er stærsta atvinnugreinin í Dalabyggð.⁴ Sauðfjár- og nautgriparækt og mjólkurframleiðsla eru ráðandi framleiðslugreinar í landbúnaði. Opinber þjónusta, stjórnsýsla og fræðslustarfsemi hefur einnig talsvert vægi sem atvinnugrein í byggðarlaginu.

Landbúnaður á Íslandi á almennt undir högg að sækja. Afurðaverð hjá sauðfjárbændum hefur um langt skeið verið of lágt með þeim afleiðingum að þeir þurfa flestir að sækja vinnu utan búsins. Samkvæmt nýlegri samantekt Byggðastofnunar um stöðu sauðfjárræktar á Íslandi kemur fram að vegna neikvæðrar rekstrarafkomu sauðfjárbúa, fátíðra kynslóðaskipta og líttillar

³ [dalabyggd-husnaedisaetlun-2022.pdf \(hms.is\)](https://dalabyggd-husnaedisaetlun-2022.pdf)

⁴ [ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR](#)

getu sauðfjárbúa til að standa undir fjárfestingum eru forsendur sauðfjárbúskapar á Íslandi brostnar verði ekki breyting á tekjum.⁵ Sauðfjárbúskapur er enn ein stærsta atvinnugreinin í Dalabyggð. Árið 2021 voru 24 þúsund vetrarfóðraðar kindur í Dalabyggð og rúmlega 40 heimili sem höfðu atvinnu af sauðfjárbúskap. Átta mjólkurframleiðendur eru í Dalabyggð og hefur þeim fækkað töluvert síðustu ár.

Auk hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu eru víða nýtt hlunnindi á sjó og á landi. Enginn byggðakvóti er í Dalabyggð en þar er stunduð bæði veiði og afurðavinnsla á grásleppu, laxa afurðum og eru hugmyndir uppi um bæði kræklingarækt og krabbaveiðar. Vilji er fyrir því að fá byggðakvóta á svæðið til vinnslu á þorski til að skapa samfellu í fiskvinnslurekstri yfir árið.


Skógrækt er vaxandi búgrein í Dalabyggð, samkvæmt tölum frá 2016 voru 32 ábúendur með samning við Skógræktina og virðist áhugi íbúa fara vaxandi.

Ferðapjónusta hefur vaxið töluvert á undanförunum árum og uppbygging verið á svæðinu, bæði í afþreyingu og veitingarekstri. Samkvæmt skýrslu frá árinu 2018 var áætlað að 296 þúsund ferðamenn hafi komið í Dalasýslu eða 13,6% erlendra ferðamanna.⁶ Af þeim hafi um 92 þúsund gist og að gistinæturnar verið 110 þúsund fyrir árið 2018, eða um 0,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár. Áætlað er að 112 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína í Dalabyggð árið 2017. Mikil aukning hefur orðið á erlendum ferðamönnum á svæðinu síðustu ár sem má að miklu leyti rekja til þess að meirihluti þeirra sem fara á Vestfirði og Strandir keyra í gegnum Dalabyggð. Þetta eru nýjustu tölur úr byggðarlaginu sjálfu, þar sem gistinætur eru almennt teknar saman fyrir Vesturland í heild. Þær gefa þó raunhæfa mynd af hlutfalli ferðamanna sem fer um svæðið og er augljóst að sóknarfærin eru í fjölgun gistinátta á svæðinu.

⁵ [Samantekt um stöðu sauðfjárræktar](#)

⁶ Rögnvaldur Guðmundsson. (2019). [Ferðamenn í Dalabyggð](#)

Vinnusóknarsvæði




Mynd 5 – Vinnusóknarsvæði yfirlit af vef Byggðastofnunar

Á korti Byggðastofnunar yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða sem uppfært var á árinu 2021 kemur fram að Dalabyggð er talin eitt vinnusóknarsvæði út frá Búðardal en einnig skarast hlutar byggðarlagsins við önnur vinnusóknarsvæði; Reykhólasveit, Hrutafjörð, Borgarnes og hluta Snæfellsness. Iðnaðarmenn í Dölum vinna til dæmis þvert á þessar línur, ásamt því að starfsmenn Arionbanka og Sýslumanns taka að sér afleysingar innan þessara svæða en starfsmaður á vegum bankans býr í Búðardal og fulltrúi Sýslumanns eru með skrifstofu þar. Þá er ríkuleg hefð fyrir því að fólk búsett í Dölum fari árlega á loðnuvertíð á Akranes, þó það sé ekki almennt innan vinnusóknarsvæðisins. Þess ber að geta að fjallvegir og heiðavegir eru innan héraðs. Fara þarf yfir Svínadal til Reykhólasveitar og fara þarf yfir Laxárdalsheiði á malarvegi yfir í Hrutafjörð. Til að komast á milli Borgarfjarðar/Mýra og Dala þarf að fara yfir Bröttubrekku. Þá þarf að fara malarveg um Skógarströnd til að ferðast milli Snæfellsness og Dalabyggðar. Þessir vegir hafa að líkindum áhrif á vilja og getu til vinnusóknar

um langan veg. Í íbúakönnun 2016 á Vesturlandi kom fram að fólk sækir vinnu um mis langan veg. Eftirfarandi tafla sýnir vegalengd til vinnu aðra leiðina.⁷ Myndin sýnir nærmynd af vinnusóknarsvæðunum.

- 0-10 km = 76%
- 11-20 km = 10%
- 21-30 km = 5%
- 31-40 km = 1%
- 41-50 km = 5%
- 81+ km = 4%



Mynd 6 – Vinnusóknarsvæði Dalabyggð

Innviðir

Samgöngur og innviðir voru eitt helsta umræðuefnið á íbúáþingi í Dalabyggð í mars s.l. Ástæðan er sú að víða er pottur brotinn þegar kemur að þeim málum og innviðir víða í bágbornu ástandi.



⁷ [Íbúakönnun 2016.pdf \(ssv.is\)](#)

* <https://www.ruv.is/frett/skogarstrandarvegur-a-samgonguaaetlun>

Mynd 7 – Skogarstrandarvegur, mynd af vef RÚV

Samgöngur

Vegakerfið í Dalabyggð er ansi víðfeðmt og lengd vega eru 402 km. Vegir skiptast í nokkra vegaflokka;

- Stofnvegir eru 129 km (Vestfjarðavegur og Skógarstrandarvegur)
- Tengivegir eru alls 168 km.
- Aðrir vegir eru héraðsvegir og landsvegir.

Í íbúakönnun sem unnin var fyrir alla landshluta árið 2020, þar sem landinu var skipt í 25 svæði, kemur fram að íbúar í Dalabyggð eru næst óánægðastir íbúa landsins með vegakerfið.⁸ Það voru aðeins íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum sem voru ósáttari með vegina.

Vestfjarðavegur; (þjóðvegur 60) er megin samgönguæðin um Dalabyggð. Vegurinn liggur frá Dalsmynni í Borgarbyggð um Bröttubrekku, þaðan um Miðdali, áfram í gegnum Búðardal, Svínadal, Saurbæ og yfir Gilsfjörð og í Reykhólasveit. Vegurinn um Bröttubrekku er nýlegur, tekinn í notkun fyrir tæpum 20 árum. Vegurinn um Miðdali þarfnast viðhalds og gagngerra breytinga til þess að auka umferðaröryggi. Þungaflutningar hafa aukist í gegnum héraðið og vegurinn ekki til þess gerður að anna slíkri umferð. Mikilvægt er að byggja nýja tvíbreiða brú yfir Haukadalsá, en einnig er mikilvægt að byggja nýjar brýr á Fáskrúð og Glerá norðan Búðardals. Vegurinn um Svínadal er nýlegur og einnig hefur verið farið í töluverðar endurbætur á Vestfjarðavegi um Saurbæ. Mikil umferðaraukning hefur orðið um veginn undanfarin ár eftir að nýr vegur var opnaður um Arnkötludal, auk þess sem fiskflutningar hafa aukist um veginn eftir að fiskeldi á Vestfjörðum jókst verulega.

Skógarstrandarvegur; Tenging Dalabyggðar út á Snæfellsnes liggur um Skógarströnd og er Skógarstrandarvegur skilgreindur

⁸ <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/maelabord/ibuakonnun>

sem stofnvegur. Eftir er að leggja bundið slitlag á um 50 km kafla frá gatnamótum við Vestfjarðaveg að gatnamótum Skógarstrandarvegur og Stykkishólms. Á þessum kafla eru margar einbreiðar brýr og hefur slysatíðni verið mikil á þessum vegi. Á árunum 2021 og 2022 voru alls 1,1 milljarður áætlaður til framkvæmda við Skógarstrandarveg. Í síðasta áfanga var malbikaður um 5 km kafli af veginum og á sumarmánuðum 2022 var unnið að því að malbika 5,4 km ásamt því að unnið var að brúarsmíði. Eftir stendur hluti af veginum sem er enn malarvegur og óljóst hvenær framkvæmdir við hann verða kláraðar. Vegurinn er stofnvegur og tengir Vesturland, þá sérstaklega Snæfellsnes og Norðurland. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi fjárveitingar til vegarins.

Laxárdalsheiði; Tenging Dalabyggðar við Norðurland er um Laxárdalsheiði. Búið er að leggja bundið slitlag á veginn inn Laxárdal en eftir er að leggja bundið slitlag á 17 km kafla á heiðinni. Fyrirhugað er að halda framkvæmdum áfram á næstunni. Vegurinn er skilgreindur sem tengivegur en sveitarstjórnarfolk hefur barist fyrir því að eðlilegra væri að vegurinn væri skilgreindur sem stofnvegur þar sem hann tengir saman landshluta og er oft nýttur sem hjáleid þegar Holtavörðuheiði er ófær.

Tengivegir; Flestir tengivegir í Dalabyggð eru án bundins slitlags. Í samgönguáætlun Vesturlands er lögð áhersla á að á næstu sjö árum verði lagt bundið slitlag á eftirtalda tengivegi í Dalabyggð;

Klofningsvegur – að Hafnará	11 km
Klofningsvegur – Hafnará að Orrahólsvegi	10,5 km
Haukadalsvegur – Vestfjarðavegur að Smyrlahóli	12,8 km

Í Dalabyggð eru tvær litlar hafnir, annars vegar í Búðardal og hins vegar Skarðsstöð á Skarðsströnd. Smábátaútgerð er frá höfninni í Skarðsstöð.

Rafmagn og aðrar veitur

Dreifikerfi rafmagns í Dölum byggir á stofnlínu sem kemur frá tengivirki byggðalínu í Hrutatungu yfir Laxárdalsheiði og í Glerárskóga. Þaðan heldur lína áfram yfir á Vestfirði. Mikilvægt er að byggt verði yfir tengivirkið í Glerárskógum og Vestfjarðalína eflid.

Víða í Dalabyggð er dreifikerfið orðið mjög lélegt að brýn þörf á því að það verði sett í jörð og á sama tíma verði unnið að þrífösun rafmagns. Þrífösun á rafmagni er nauðsynleg til þess að efla landbúnað á svæðinu og skapa íbúum tækifæri til þess að stunda ferðaþjónustu. Stefnt er að því að setja mjólkurbú og ferðaþjónustu á svæðinu í forgang í þrífösun til að tryggja áframhaldandi rekstur þeirra.

Í Dalabyggð eru engar stærri virkjanir, en smávirkjanir á nokkrum stöðum. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti að gera breytingar á aðalskipulagi á þessu kjörtímabili þar sem opnað var fyrir uppbyggingu vindorkugarða í Dalabyggð á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Innviðaráðherra synjaði breytingu á skipulaginu og tók þar með undir umsögn skipulagsstofnunar. Niðurstaðan varð sú að gerðar voru breytingar á aðalskipulagi en þar sem landbúnaðarlandi var breytt í iðnaðarsvæði en svæðið jafnframt skilgreint sem varúðarsvæði sem þýðir að ekki verður farið í framkvæmdir nema þær séu fyrst heimilaðar í rammaáætlun. Óljóst er hvert framhaldið verður. Nokkrar smávirkjanir eru í undirbúningi í sveitarfélaginu.

Fjarskipti, eru að hluta til í lagi, en allt of víða vantar betra samband. Farsímasamband er óviðunandi á nokkrum stöðum í Dalabyggð og mikilvægt er að úr því verði bætt hið fyrsta. Slakt farsímasamband gerir það t.d. illmögulegt að nota rafræn skilríki. Þessi staða kemur skýrt fram í íbúakönnun en Dalamenn eru ósáttastir allra landsmanna með farsímasamband.⁹ Víða er ótryggt samband, sérstaklega eftir að

⁹ <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-fni/maelabord/ibuakonnun>

koparlínusambandið var tekið úr sambandi. Dæmi eru um að heimili verði símasambandslaus eftir skamman tíma fari rafmagnið.

Ljósleiðari

Búið er að leggja ljósleiðara í dreifbýli í Dalabyggð en eftir er að leggja ljósleiðarann í götur í Búðardal. Það að ljósleiðari verði lagður í Búðardal er því eitt brýnasta verkefnið sem framundan í Dalabyggð. Í áðurnefndri íbúakönnun kemur fram að íbúar í Dalabyggð eru í meðallagi sáttir með stöðu mála varðandi ljósleiðara.

Húsnæðismál



Mynd 8 - séð yfir Búðardal

Árið 2019 voru skráðar 118 íbúðir og 272 íbúar í Búðardal og skráð búseta í 107 íbúðum. Í þeim íbúðum þar sem ekki er

skráð búseta er húsnæðið nýtt í ferðapjónustu eða sem frístundahúsnæði. Í Búðardal eru 30% íbúðarhúsnæðis leiguíbúðir og er almenn vöntun á leiguhúsnæði. Nægt lóðaframboð er í Búðardal en hátt byggingarverð hefur verið hamlandi þáttur í uppbyggingu húsnæðis.¹⁰

Samkvæmt húsnæðisáætlun frá árinu 2020 voru 86,1% íbúðaeigna í sveitarfélaginu einbýlishús, 8,1% parhús, 4,4% einbýlishús tengd jörðum og 1,5% eru einbýli tengd jörðum, íbúðir í atvinnuhúsnæði eða sérbýlishús. 93,3% eigna er 101 fm eða stærra. Meirihluti húsnæðiskosts er því stærrí húsnæði og mun minna af fjölbýli. Algengt er að fáir búi í stóru húsnæði og vantar valkosti í smærra húsnæði til að losa um einbýlin fyrir stærrí fjölskyldueiningar. Lítið hefur verið um húsnæði á lausu í öllu sveitarfélaginu síðustu ár og framboð minna en eftirspurn.

Minniháttar fjölgun hefur verið á bæði íbúum og íbúðum frá því ofannefnd húsnæðisáætlun var birt. Árið 2020 voru 5 íbúðir byggðar í Búðardal og er búið í þeim öllum. Sveitarfélagið áformar að byggja 3 leiguíbúðir árið 2022, tvær íbúðir, sem sérstaklega eru hugsaðar fyrir einstaklinga með fötlun árið 2023 og fjórar almennar leiguíbúðir árið 2024, í samstarfi við húsnæðissjálfsseignarstofnunina Bakkahvamm. Halda þyrfti áfram byggingu íbúða á næstu árum til anna eftirspurn.

Eins og áður sagði er ágætis lóðaframboð í Búðardal en skv. húsnæðisáætlun er stefnt að því að úthluta 17 lóðum til ársins 2031, fyrir parhús, raðhús og minni einbýli og ætti það að auka fjölbreytileika á framboði húsnæðis í Búðardal.

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins

Almennt má segja að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hafi verið góð. Tekjur sveitarfélagsins hafa fjármagnað rekstur þess og með aðhaldi í fjármálum hefur verið viðunandi framlegð á hverju ári. Því hefur náðst að byggja upp sjóð sem nýttur verður til að

¹⁰ <https://dalir.is/wp-content/uploads/2020/12/Husnaedisaetlun-2020-2024-undirritud.pdf>

og sjá [dalabyggd-husnaedisaetlun-2022.pdf](#) (hms.is)

greiða hluta nýframkvæmdar á ípróttamannvirkjum í Búðardal. Tekjur af sölu Lauga í Sælingsdal verða einnig nýttar upp í framkvæmdina. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hefur verið ríflega 60% en skuldaviðmið var 0% 2021.

Samantekið - A og B hluti				Þriggja ára áætlun		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Skjár.	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	366.159	388.276	420.098	445.553	469.174	494.031
Framlög jöfnunarsjóðs.....	312.402	289.042	315.731	325.203	336.585	346.683
Aðrar tekjur.....	314.445	432.271	409.975	608.167	435.835	459.693
	993.006	1.109.589	1.145.804	1.378.923	1.241.594	1.300.407
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	578.784	612.791	670.712	688.855	736.066	787.257
Annar rekstrarkostnaður.....	330.645	444.993	406.760	405.823	428.877	456.446
Afskrifir.....	35.934	35.342	43.239	55.001	62.981	72.692
	945.363	1.093.126	1.120.711	1.149.679	1.227.924	1.316.395
Niðurstaða án fjármagnsliða	47.644	16.463	25.093	229.244	13.670	(15.988)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	7.246	6.742	(2.325)	3.391	40.805	3.255
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	(0)	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(28.883)	(21.403)	(18.296)	(34.542)	(44.277)	(45.644)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	(0)	(0)	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	(21.637)	(14.661)	(20.621)	(31.151)	(3.471)	(42.389)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	26.007	1.801	4.471	198.093	10.198	(58.377)
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	3.619	(185)	(185)	(4.810)	(185)	(185)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	(203)	(203)	(2.703)	(203)	(203)
Rekstrarniðurstaða.....	29.626	1.413	4.083	190.581	9.810	(58.765)

Mynd 9 - Rekstrarreikningur, fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2022-2025.

Á sama tíma hefur verið aðhald þegar kemur að viðhaldi og uppbyggingu innan sveitarfélagsins og ljóst að dýrir framkvæmdarliðir eru framundan. Áætlaður kostnaður vegna byggingar nýs ípróttamannvirkis í Búðardal er um 950 milljónir. Þá er unnið að framkvæmdum á hreinsistöð fráveitu og eru þær framkvæmdir á fjárhagsáætlun 2022 og 2024, ásamt gatnaframkvæmdum í Búðardal. Kominn er tími á nauðsynlegt viðhald á grunnskólanum en klæða þarf skólann að utan en sú framkvæmd er ekki komin á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Einnig á sveitarfélagið eignir, m.a. félagsheimili o.fl. húsnæði

sem fylgir kostnaðarsamt viðhald. Af þjónustueiningum Dalabyggðar er ljóst að dvalarheimilið Silfurtún stendur verst undir rekstri en sveitarfélagið greiðir með rekstri þess á hverju ári.

Til nánari glöggvunar eru hér settar fram lykiltölur úr rekstri Dalabyggðar og þær sem hlutfall af heildartekjum. Þar sést að veltufé frá rekstri var 10% árið 2020 en 4% ef horft er til lengra tímabils (2017-2020). Þegar þessar tölur voru bornar saman við þrjú önnur sveitarfélög kom í ljós að veltufé frá rekstri var þrefalt hærra í Dalabyggð 2020 en helmingi minna 2017-2020, þannig að það jókst 2020 m.v. tímabilið í heild.


Lykiltölur úr rekstri Dalabyggðar ásamt nokkrum áhugaverðum kennitölum.		
Tölur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands.		
	2020	2017-2020
Skatttekjur A*	84%	85%
Laun A*	56%	53%
Veltufé frá rekstri A*	10%	4%
Fjárfestingar A*	-3%	1%
Skuldir og skuldbindingar A*	67%	73%
Skuldir og skuldbindingar AB*	65%	65%
Íbúar, þróun á milli ára	-3%	-2%
Ungt fólk, þróun á milli ára	-8%	-2%
Heildareinkunn**	40	39

* Sem hlutfall af heildartekjum ** Raðtölueinkunn sem miðast við fjölda sveitarfélaga hvers árs.

Tafla 1 - lykiltölur úr rekstri Dalabyggðar


Fjárfestingarnar voru neikvæðar 2020 en 1% yfir lengra tímabil. Skuldir voru ekki háar eða 67% árið 2020 í A-hluta en 65% þegar B-hluti var tekinn með. Þær fóru heldur lækkandi í A-hlutanum en stóðu í stað í A og B-hlutanum. Samanburður við önnur sveitarfélög sýndi að skuldir Dalabyggðar í A-hluta voru tvöfalt meiri en viðmiðunarsveitarfélaganna en þá verður að horfa til fjárfestingahreyfinga Dalabyggðar sem voru alls ekki eins neikvæðar og samanburðarsveitarfélaganna árið 2020 og líka árin 2017-2020. Viðmiðunarsveitarfélög Dalabyggðar voru Flóahreppur, Hörgársveit og Þingeyjarsveit að þessu sinni. Á myndunum sést að bæði fjárfestingar og skuldir A-hluta höfðu dregist saman í samanburði við þessi sveitarfélög. Þegar skuldir A og B hluta eru teknar saman fyrir Dalabyggð voru þær lægri

en hjá samanburðarsveitarfélögum og fóru lækkandi.



Fjárhagsvísar Dalabyggðar 2020 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017.




Fjárhagsvísar Dalabyggðar 2017-2020 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.

Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017.

Mynd 11 – Fjárhagsvísar Dalabyggðar

Meðalútsvarsstofn á íbúa í sveitarfélaginu




Meðal-heildartekjur heimilanna í Dalabyggð, Hörgársveit, Þingeyjarsveit og Flóahreppi.
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Heildartekjurnar eru á verðlagi 2020. Tölur í þúsundum króna.

Mynd 12 - Meðalútsvarsstofn

Í myndinni fyrir ofan er að finna meðal-heildartekjur heimilanna í Dalabyggð árin 1990-2020 á verðlagi 2020. Þær hækkuðu allt tímabilið þó þær lækkuðu t.d. eftir bankahrunið en það átti sér reyndar stað á öllu landinu. Samanburður við önnur svæði gefur til kynna að heildartekjurnar hafi verið sambærilegar og hjá samanburðarsveitarfélögunum þremur en mun lægri en á landinu öllu. Dalabyggð endaði samt neðst í þessum samanburði ásamt Þingeyjarsveit eftir óvenjulega uppsveiflu á árunum 2015-2019. Það virðist vera frávik og staðan 2020 því mun nær langtímastöðu Dalabyggðar.

Næsta mynd yfir meðal-atvinnutekjur er áhugaverð til samanburðar. Samkvæmt orðanna hljóðan, má einfalda hlutina og túlka þetta sem tekjur er atvinnulíf samfélagsins stendur undir. Þar sést að Dalabyggð og samanburðarsveitarfélög þess eru áfram mun lægri en restin af landinu. Framan af tímabilinu var Dalabyggð í góðu meðallagi gagnvart samanburðarsveitarfélögunum en í lok tímabilsins hefur það með lægstu atvinnutekjurnar frá árinu 2015.



Meðal-atvinnutekjur heimilanna í Dalabyggð, Hörgársveit, Þingeyjarsveit og Flóahreppi.
 Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Atvinnutekjurnar eru á verðlagi 2020. Tölur í þúsundum króna.

Mynd 13 – Meðal-atvinnutekjur í Dalabyggð

Árið 2020 voru meðal-heildartekjur heimilanna 22% lægri í Dalabyggð en að jafnaði á landinu öllu meðan meðal-atvinnutekjur voru 29% lægri. Munurinn á heildartekjum og atvinnutekjum getur legið í ýmsum leigutekjum og arðsgreiðslum sem Dalamenn virðast hafa umfram aðra á landinu til að bæta sér upp rýrar tekjur af atvinnustarfsemi.

Framboð á þjónustu

Þjónusta á svæðinu er mv. fólksfjölda nokkuð ásættanleg. Ljóst er þó að þjónusta á svæðinu hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár og nýjasta dæmið um að dregið hafi úr þjónustu er að það er ekki lengur bankaafgreiðsla í Dalabyggð.

Einkarekin þjónusta á svæðinu

Á svæðinu er rekin matvöruverslun en þó engin lágvöruverslun.

Bifreiða- og dekkjaverkstæði er rekið í Búðardal en þar er einnig hægt að fá aðföng fyrir landbúnað, ásamt því að mánaðarlega koma skoðunarmenn þangað frá Frumherja. Verktakar vinna að vegapjónustu, t.d. snjómokstri á veturna og við að rykbinda malarvegi. Verktakafyrirtæki á sviði jarðvinnu og flutninga og flutningapjónusta eru í Dalabyggð ásamt því að iðnaðarmenn svo sem smiðir, píparar, rafvirkjar vinna á svæðinu öllu. Þó má geta þess að nú þegar er vöntun á iðnaðarmönnum, sér í lagi rafvirkjum. Nokkur fyrirtæki á svæðinu þurfa að hafa stöðugan aðgang að rafvirkjum og sé það ekki tryggt, getur það veikt stöðu Dalabyggðar sem ákjósanlegan stað fyrir starfsstöðvar fyrirtækja.

Veitinga- og gistipjónusta er í Búðardal og víða er gistipjónusta í dreifbýlinu. Þá er rekin veitingapjónusta í félagsheimilinu Árbliki á sumrin og tjaldsvæði. Einnig eru tjaldsvæði á Á á Skarðsströnd, á Laugum í Sælingsdal og í Búðardal.

Opinber þjónusta

Í Búðardal er Auðarskóli sem er samrekin grunnskóli og tónlistarskóli og ganga börn innan sveitarfélagsins þar í skóla. Skólaárið 2021-2022 voru 91 barn við grunnskólann og 27 í leikskólanum. Á árinu 2022 var daggjald á leikskóla lækkað um 50% en með því er verið að koma til móts við barnafólk.

Dvalarheimili fyrir aldraða er í Búðardal og hjúkrunarheimili fyrir fólk með geðsjúkdóma er á Fellsenda. Þá er heilsugæslustöð, lyfsala og póstafréiðsla í Búðardal. Samstarfssamningur er við Borgarbyggð vegna félagsþjónustu á svæðinu en útlit er fyrir því að honum verði sagt upp í lok árs 2022. Lítil þjónusta er á svæðinu fyrir börn og fullorðna með fatlanir og þarf að sækja slíka þjónustu annað.

Sundlaug er á Laugum en illa hefur gengið að tryggja opnunartíma hennar og spilar skortur á starfsfólki og húsnæðisskortur þar inn í.

Sérstaða byggðarlagsins



Mynd 14 – Klofningur, mynd í eigu Dalabyggðar

Dalabyggð er landbúnaðarsvæði sem einkennist af ósnortinni náttúru, formfögrum fjöllum, grónum dölum og gjöfulum veiðiám og vötnum. Sérstakar jarðminjar mynda kennileiti í landslagi og ber þar að nefna t.d. Klofning á Skarðsströnd, gilið Skraumu og Tungustapa í Sælingsdal sem er skráð á náttúruminjaskrá Vesturlands. Landslag ber fremur mjúkar línur og er frábært til útivistar, s.s. göngur, hlaup, útreiðar, fuglaskoðun, veiðar, sveppatínslu, berjamó og margt fleira. Land er þó að mestu leyti í einkaeigu og göngu- og reiðleiðir þarf að móta í sátt við eigendur og íbúa. Ljóst er þó að mikil tækifæri eru til útivistar og náttúruskoðunar í Dalabyggð.

Um er að ræða byggð sem er að miklu leyti í dreifbýli og er sérstaða byggðarlagsins ekki síst hátt hlutfall starfa í sauðfjárrækt. Í nýlegri samantekt Byggðastofnunar um stöðu sauðfjárræktar eru mikilvægi sauðfjárræktar skoðuð út frá

ákveðnum forsendum þar sem skoðaður er fjöldi meðalbúa miðað við íbúa á svæðinu. Miðað við þær forsendur er sauðfjarrækt hlutfallslega mikilvægust í Dalabyggð af öðrum byggðalögum á landinu.¹¹ Búskapur setur því svip á landslagið en víða er land gróið enda frjósamt og gjöfult. Nálægð byggðarinnar við Hvammsfjörð og Breiðafjörð setur einnig svip sinn á landslagið og mannlífið.



Mynd 15 – Ólafsdalur, mynd í eigu Dalabyggðar

Mannlífið í Dölum til forna mótaðist af aðstæðunum og ekki síst nytjum. Var lífið í eyjum, á ströndinni og í inndölum margskonar og mjög frábrugðið hverju öðru en byggðist að miklu leyti sjósókn, nytjum við strandir og landbúnaði. Í byggðarlaginu var stigið framfaraskref í landbúnaðarkennslu með fyrsta bændaskóla landsins árið 1880-1907 í Ólafsdal.¹² Þá var rekinn

¹¹ [Samantekt um stöðu sauðfjarræktar](#) (Byggðastofnun, 2022: 6).

¹² <https://olafsdalur.is/sagan/>

húsmæðraskóli á Staðarfelli á Fellsströnd um langan tíma, frá 1927-1976. Staðarfell, sem hefur gegnt ýmsum hlutverkum síðustu öld stendur nú autt og vannýtt. Laugar í Sælingsdal eru við Tungustapa, eina náttúruperlu svæðisins. Þar hefur verið rekinn sundskóli, skólábúðir, heimavistarskóli og ýmis konar ferðaþjónusta.



Mynd 16 – Guðrúnarlaug, mynd í eigu Dalabyggðar

Dalirnir eru ríkir af sögu og bókmenntum allt frá landnámi Auðar djúpúðgu til okkar tíma. Hér er söguvið nokkurra Íslendingasagna, Sturlungaaldar og nútímabókmennta og úr Dölum hafa komið mörg skáld að fornu og nýju. Víða gætir keltneskra áhrifa í Dölum, sé frásögn í Landnámu og Laxdælasögu rétt og á svæðinu má finna örnefnum sem eru beint úr keltnesku máli og önnur sem benda til dvalar Íra á svæðinu (sbr. Írská höfn, Írsku búðir o.fl.). Í Dalabyggð eru margir kirkjustaðir og stórbýli sem er þekkt eru frá landnámi til okkar tíma. Margir hverjir eru þetta áhugaverðir áningarstaður og í kringum nokkra þeirra hefur verið byggð upp ferðaþjónusta en annars staðar gætu verið tækifæri til þess.

Ferðapjónusta er að mestu leyti í formi smærri fyrirtækja sem selja gistingu, veitingar eða afþreyingu bæði í dreifbýlinu og í Búðardal. Vel væri hægt að nýta sérstöðu svæðisins til frekari uppbyggingar í ferðapjónustu, þar sem áherslan væri á menningararfinn, matarupplifun og útivist.

B-hluti. Horfur næstu ára og helstu ályktanir um forsendur

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir líklegri þróun einstakra umfjöllunaratriða næstu ár og dregnar ályktanir um helstu áhrifaþætti er liggja til grundvallar.

Lýðfræðilegir þættir

Gott rekstrarumhverfi í búfjárrækt og aukin fjölbreytni í landbúnaði getur styrkt heimili í dreifbýli og haldið þeim í byggð. Vert er að nefna hér að meirihluti barna á grunnskólaaldri í Dalabyggð, býr í dreifbýli. Í fundargerð sveitarstjórnar Dalabyggðar frá 16. júní 2022 stendur: “Í grunnskóladeild Auðarskóla voru 92 börn síðasta vetur og 63 þeirra koma úr dreifbýlinu utan Búðardals eða 68,5%. Flest börnin úr dreifbýli koma frá heimilum þar sem sauðfjárrækt er undirstaðan í tekjum heimilisins.”¹³ Mikilvægi þess að hlúa að þessum heimilum er ótvírætt fyrir byggðalagið því ef bændur bregða búi gæti það haft afdrifarík áhrif á aldursdreifingu íbúa og íbúafjölda í byggðarlaginu.

Húsnæðismál munu hafa áhrif á íbúáþróun almennt en húsnæðisskortur er í sveitarfélaginu og hefur verið viðvarandi. Það eru byggingar á húsnæðisáætlun og þarf að halda áfram uppbyggingu bæði íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis til að anna eftirspurn eftir húsnæði. Mikilvægt er að huga að því að yngra fólk hafi tækifæri á að setjast að í Dalabyggð og fái húsnæði við hæfi. Þar gætu bygging smærri íbúða fyrir eldri borgara hjálpað til, þar sem vonir eru bundnar við að þá losni um stærri einbýlishús í Búðardal.

Líklegt er að innviðauppbýgging hafi áhrif á íbúáþróun. T.d. er uppsveifla í ferðaþjónustu háð uppbyggingu á samgöngum og innviðum áfangastaða. Með slíkri uppbyggingu getur orðið

¹³ <https://dalir.is/stjornsysla/nefndir-stjornir-ofl/fundargerð/fundur/?id=sICj4JAJxkaYCokZwpXMtQ1&text=>

meira framboð starfa í ferðaþjónustunni og öðrum þjónustugreinum sem hefur áhrif á fjölda íbúa og aldurssamsetningu í byggðarlaginu. Áætluð uppbygging nýrra íþróttamannvirkja getur einnig haft jákvæð áhrif á búsetu fólks á barneignaaldri í Búðardal og nágrenni.

Almennir möguleikar á fjölbreyttum störfum gætu dregið að fólk úr þeim aldurshópum sem helst hallar á í byggðarlaginu. Þá er ljóst að sameining sveitarfélagsins við nærliggjandi sveitarfélög mun hafa áhrif á lýðfræðilega þætti en sú breyting veltur á hvaða sameiningarkostir verða fyrir valinu.

Horfur í atvinnumálum



Mynd 17 - Sauðfé í dölum, mynd í eigu Dalabyggðar

Landbúnaður

Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar um stöðu sauðfjárræktar eru forsendur hennar brostnar vegna neikvæðrar rekstrarafkomu, verði ekkert að gert. Sauðfjárrækt er stór atvinnugrein í Dölum og því er staða sauðfjárbúa mikið

áhyggjumál. Ber að nefna að á rúmlega fjörutíu heimilum í Dalabyggð, er sauðfjárbúskapur aðalstarf fólks. Þá hafa nautgripabændur einnig glímt við erfitt rekstrarumhverfi í sínum búskap síðustu ár og mjólkurbúum hefur fækkað í Dalabyggð. Skörðin verða stærrí með hverju mjólkurbúinu sem hættir og hætt við að samdráttur í framleiðslu innan byggðar þýði að flytja þurfi mjólk í meira mæli inn á svæðið fyrir framleiðslu MS. Mjólkurbúin sem eftir eru í Dalabyggð gegna mikilvægu hlutverki í að halda afurðavinnsla mjólkurafurða í héraði og þeim störfum sem þar skapast.

Í júní 2022 skipaði matvælaráðherra spretthóp vegna alvarlegrar stöðu landbúnaðar í ljósi hækkana á aðföngum. Kemur fram í skýrslu spretthópsins að samdráttur í framleiðslu allra búgreina sé líklegur að öllu óbreyttu og að augljós hætta sé á framleiðslubresti í kindakjöts- og nautakjötsframleiðslu.¹⁴ Þar segir: "Ljóst er að gríðarlegar hækkanir á aðföngum munu hafa mikil áhrif og verða þess valdandi að búum muni fækka enn frekar. Við það þyngist róðurinn hjá þeim sem eftir standa og stutt getur verið í mjög neikvæða keðjuverkun í félagslegu og byggðalegu útliti. Stoðir veikari samfélaga geta einfaldlega brostið."¹⁵ Spretthópurinn hefur lagt til mótvægisáðgerðir til að styðja bændur, sem kosta munu 2,5 milljarða úr ríkissjóði.¹⁶ Ljóst er að þetta er bráðabirgða áðgerð til að bregðast við núverandi stöðu og erfitt er að segja til um framtíðarhorfurnar í búfjárrækt á Íslandi. Styðja þarf áfram og til langtíma við rekstrarumhverfi þessara atvinnubúgreina fyrir framtíðarhorfur byggðalagsins í Dalabyggð.

Spretthópurinn lagði einnig fram tillögur að langtíma áðgerðum sem snerta m.a. eflingu grænmetisframleiðslu og kornræktar sem hluta af áðgerðum til að auka fæðuöryggi landsins. Gætu þar leynst tækifæri fyrir bændur í Dalabyggð til að auka arðsemi

¹⁴ https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/MAR_stada-matvaelaframl_09.pdf

¹⁵ Skýrsla spretthópsins, júní 2022, bls. 28
https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/MAR_stada-matvaelaframl_09.pdf

¹⁶ [2,5 milljarðar til að mæta alvarlegri stöðu í landbúnaði](#)

með fjölbreyttari nýtingu á bújörðum sínum. Hér gætu reynst sóknarfæri enda landgæði mikil í Dalabyggð og þau vel til þess fallin að nýta til ýmis konar matvælaræktunar.

Áhugi á skógrækt er nokkur meðal íbúa í Dalabyggð og einstaka frumkvöðlar sýnt því áhuga að byggja upp skógræktarverkefni í Dalabyggð. Gæti slík landnýting einnig skilað tekjum til bænda, t.d. vegna sölu á einingum til kolefnisjöfnunar eða vegna nytjaskógræktar. Gífurlega mikilvægt er þó að tryggja að ásókn í land vegna kolefnisjöfnunar verði ekki til þess að eignarhald þess færist frá bændum eða að bæir í dreifbýli fari í eyði. Þá þarf að vanda vel til verka þegar kemur að nýjum landnýtingarmöguleikum, svo að ekki komi upp alvarlegri hagsmunaárekstrar milli atvinnugreina.

Ferðapjónusta

Það eru mikil sóknarfæri í ferðapjónustu en fjöldi ferðamanna, bæði erlendra og íslenskra fer í gegnum Dalina á hverju ári. Til mikils er að vinna ef stærri hluti þeirra ferðamanna staldrar við og dvelur í Dalabyggð. Felast tækifæri í því að bjóða upp á nýja og ferska áfangastaði í Dalabyggð, t.d. með áherslu á menningarupplifun, útivist og mat úr héraði. Þá er menningarsaga svæðisins mikil auðlind sem hægt væri að nota í uppbyggingu á upplifun á svæðinu. Það felast því sóknarfæri í því að byggja upp góða innviði og með því að auka framboð á afþreyingu.

Fjölbreytileiki starfa

Á meðan að stutt er við landbúnað og ferðapjónustu í byggðarlaginu er einnig mikilvægt að auka fjölbreytni starfa og seiglu samfélagsins. Með auknu átaki gæti sveitarfélaginu tekist að fjölga störfum án staðsetningar ásamt stöðugildum í nýsköpun og opinberum störfum í Dalabyggð. Væri slíkt í takt við áherslur Byggðaaætlunar þar sem lagt er til að öll ríkisstörf sem ekki séu í eðli sínu staðbundin skuli skilgreind án staðsetningar til að stuðla að jafnri dreifingu opinberra starfa. Það væri því hagur fyrir byggðarlagið að hvetja aðila sem vinna óstaðbundin störf að búa og starfa í Dalabyggð. Helsta

fyrirstaðan til að framfylgja þessu væri húsnæðisskorturinn en þar er nauðsynlegt að spyrna við.



Mynd 18 - Aðkoman í Búðardal, Mjólkursamlagið til vinstri. Dalabyggð.

Með tilkomu fjölbreyttara atvinnulífs, bæði innan einkageirans og hins opinbera, verður grundvöllur fyrir rekstri þjónustufyrirtækja betri. Með auknum umsvifum í atvinnulífi, hærri útsvarstekjum og vaxandi íbúafjölda væri grunnþjónusta á borð við heilsugæslu, skóla og dvalarheimili einnig tryggari.

Vinnusóknarsvæði

Ekki er endilega hægt að gera ráð fyrir miklum breytingum á fjölda íbúa á atvinnusóknarsvæðinu á næstu árum nema í hlutfalli við breytingar á fjölda íbúa í Dalabyggð og nærsveitum. Þó gætu vegabætur t.d. um Skógarströnd eða Laxárdalsheiði skipt nokkru máli. Sameining sveitarfélaga gæti einnig haft áhrif á vinnusókn í framtíðinni.

Innviðir

Ljóst er að staða innviða mun hafa mikið að segja um byggðapróun svæðisins, íbúapróun, atvinnuuppbyggingu og atvinnusókn. Almennt gengur hægt að byggja upp ásættanlegt vegakerfi í Dalabyggð en mikill hluti vega eru malarvegir og hluti malbikaðra leiða komnar á viðhald, sbr. veginn um Miðdali. Íbúar eru langþreyttir á ástandi vega og hefur sveitarstjórn margítrekað nauðsyn á uppbyggingu í samgöngumálum í byggðarlaginu. Mikilvægt er að leita allra leiða til að tryggja hraðari framgang í uppbyggingu vega í Dalabyggð.

Þrífösun á rafmagni hefur verið flýtt að því marki að áætlað var að klára þrífösun 2035 en er nú áætlað að framkvæmdim klárast 2027. Forgangur á þrífösun verður fyrir mjólkurbú og stærri gististaði.

Mikilvægt er einnig að setja línur í jörð til að tryggja raforkuöryggi til bæja enda víða sem bæir stóla á rafmagn til upphitunar húsa. Einnig geta fjarskipti legið niðri ef rafmagn fer af í lengri tíma. Er því um mikilvægt öryggisatriði að ræða.

Þróun húsnæðismála

Mannfjöldaspá skv. húsnæðisáætlun sveitarfélagsins er sú að fjölgi um 30 fasta íbúa á næstu 10 árum (miðað við 1. janúar 2021).¹⁷ Áætlað er að byggja 3 nýjar íbúðir 2022 (búið er að fá stofnframlag fyrir þær) og fleiri á næstu árum. Þá má ætla að lóðir verði áfram auglýstar á næstu árum og uppbygging verði því um 1 íbúð á ca. 2ja ára fresti. Reiknað er með almennri fjölgun íbúa í hverri íbúð.

Markmið sveitarfélagsins er að stuðla að fjölbreyttum lóðum fyrir einbýlis-, par- og raðhús enda gerir deiliskipulag íbúðarhverfis í suðurhluta Búðardals meðal annars ráð fyrir öllum þessum tegundum húsnæðis. Bygging raðhúsa með litlum

¹⁷ [dalabyggd-husnaedisaetlun-2022.pdf \(hms.is\)](#)

Íbúðareiningum stuðlar að auknum möguleikum á leiguhúsnæði fyrir m.a. fyrirtæki í bænum sem þurfa húsnæði undir starfsfólk sitt í óákveðinn tíma.

Ráðgert er að byggja ípróttahús og sundlaug í Búðardal. Með byggingu ípróttahússins mun öll aðstaða fyrir ípróttaiðkun barna og fullorðinna stórbatna, ásamt því að þjónustustigið mun aukast til muna fyrir bæði heimamenn og ferðamenn. Áætlað er að bygging ípróttamannvirkis muni taka tvö ár og eru vonir bundnar við að hægt verði að hefjast handa við bygginguna 2022-2023.

Taflán hér að neðan sýnir áætlun á þróun mannfjölda fram til ársins 2031. Fjöldi íbúða er reiknuð stærð og tekur mið af mannfjölda og fjölda íbúða per íbúð.

Tegund	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Mannfjöldi	620	632	638	644	650	656	662	668	674	680	686
Mannfjöldabreyting %	-2.97	1.94	0.95	0.94	0.93	0.92	0.91	0.91	0.90	0.89	0.88
Háspá Fjöldi íbúða	350	357	358	362	363	366	368	371	374	376	379
Íbúðafjöldi breyting %	-0.28	2.00	0.28	1.12	0.28	0.83	0.55	0.82	0.81	0.53	0.80
Íbúar per íbúð	1.77	1.77	1.78	1.78	1.79	1.79	1.80	1.80	1.80	1.81	1.81
Mannfjöldi	620	632	637	641	642	647	648	648	650	653	650
Mannfjöldabreyting %	-2.97	1.94	0.79	0.63	0.16	0.78	0.15	0.00	0.31	0.46	-0.46
Miðspá Fjöldi íbúða	350	355	358	358	359	359	360	360	361	361	361
Íbúðafjöldi breyting %	-0.28	1.43	0.85	0.00	0.28	0.00	0.28	0.00	0.28	0.00	0.00
Íbúar per íbúð	1.77	1.78	1.78	1.79	1.79	1.80	1.80	1.80	1.80	1.81	1.80
Mannfjöldi	620	630	630	629	628	627	626	625	625	624	624
Mannfjöldabreyting %	-2.97	1.61	0.00	-0.16	-0.16	-0.16	-0.16	-0.16	0.00	-0.16	0.00
Lágspá Fjöldi íbúða	350	356	356	355	355	354	354	353	353	353	353
Íbúðafjöldi breyting %	-0.28	1.71	0.00	-0.28	0.00	-0.28	0.00	-0.28	0.00	0.00	0.00
Íbúar per íbúð	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77	1.77

Mynd 19 - úr húsnæðisáætlun Dalabyggðar

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins á næstu árum

Eins og kom fram í kaflanum um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins hefur reksturinn verið jákvæður síðustu ár og skuldsetning ekki hlutfallslega há. Hins vegar er ljóst að kostnaðarsamar framkvæmdir eru framundan.

Hluti af fjárfestingarliðum næstu ára er áframhaldandi viðhald á fasteignum sveitarfélagsins, nýframkvæmdir við fráveitukerfi og

Íþróttamiðstöð í Búðardal. Þá er gert ráð fyrir gatnaframkvæmdum en auglýstar hafa verið lóðir á iðnaðarsvæðinu við løjubraut og íbúðarhúsaloðir við Lækjarhvam, Bakkahvam og Efstahvam. Samhliða gatnaframkvæmdum verður unnið að framkvæmdum vegna vatnsveitu- og fráveitukerfa.

Ekki er gert ráð fyrir að húsnæði grunnskólans verði klætt að utan á fjárhagsáætlun næstu ára en ljóst þykir að sú framkvæmd liggur fyrir. Hér fyrir neðan má sjá fyrirhugaðar framkvæmdir á mannvirkjum skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins frá 2021.

	2022	2023	2024	2025
Íþróttamiðstöð	250.000.000	440.000.000	260.000.000	
Götur	28.100.000	10.000.000	5.000.000	10.000.000
Fráveita	25.700.000	2.000.000	22.000.000	3.000.000
Vatnsveita	16.500.000	14.000.000	3.000.000	2.000.000
Silfurtún	11.800.000	5.000.000	9.000.000	5.000.000
Sorphirða	9.500.000	9.500.000		
Auðarskóli	7.000.000	5.500.000	6.000.000	3.000.000
Eiríksstaðir	4.000.000	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Fjárréttir	3.500.000			
Ærslabelgur	2.500.000			
Stjórnsýsluhús	2.500.000	2.000.000	1.000.000	1.000.000
Dalabúð	2.000.000	1.000.000	500.000	1.500.000
Skarðsstöð	1.500.000			
Leifsúð	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Slökkvilið	1.000.000	2.000.000	6.000.000	16.000.000
Önnur félagsheimili			1.500.000	500.000
Áhaldahús		1.000.000	8.000.000	
Staðarfell		5.000.000		
Leiguíbúðir		3.000.000	3.000.000	
Dalaveitur		1.000.000	1.000.000	
Tjaldsv. Búðardal		500.000	1.000.000	500.000

Mynd 20 - Áætlaðar framkvæmdir og fjárfestingar í Dalabyggð skv fjárhagsáætlun 2022-2025. Heildarfjárfesting ársins 2022 er 366 milljónir króna.

Óvissa er um launakostnað þar sem kjarasamningar eru lausir síðla árs 2022. Þá er óvissa vegna verðhækkana sem geta haft almenn áhrif á framkvæmda- og viðhaldskostnað, sem og almenn aðföng í rekstri. Með sölu á Laugum í Sælingsdal minnkar rekstrarkostnaður sveitarfélagsins á móti.

Unnið hefur verið að breytingu aðalskipulags Dalabyggðar með það að markmiði að gera ráð fyrir byggingu tveggja vindorkugarða í Dalabyggð. Þær framkvæmdir hafa verið settar í bið þar sem virkjunarkostirnir hafa ekki ratað í rammaáætlun. Fyrirséð er því að sveitarfélagið mun ekki hafa tekjur af fasteignagjöldum vegna vindorkugarða á næstunni.

Tekjur sveitarfélagsins munu einnig velta á áframhaldandi þróun á íbúafjölda og samsetningu íbúa innan sveitarfélagsins og gæti íbúafjölgun, fjölgun sérfræðistarfa og starfa án staðsetningar aukið útsvarstekjur sveitarfélagsins. Sama gildir um nýsköpun í framleiðslu, í ferðaþjónustu og annarri starfsemi á svæðinu, slíkt gæti skilað tekjum til sveitarfélagsins. Meðal-útsvarsstofn gæti þsnng breyst með fjölbreyttari störfum. Að sama skapi getur áframhaldandi fólksfækkun og búsetubrestur dregið úr tekjum sveitarfélagsins.

Dalabyggð gæti staðið vel að vígi þar sem fjárhagslegur grunnur sveitarfélagsins er sterkur og hefur verið það síðastliðin ár. Þó er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu auka skuldsetningu sveitarfélagsins og hafa áhrif á getu þess til frekari framkvæmda, komi ekki til annarra tekjumöguleika.

Sérstaða byggðarlagsins og vægi hennar á komandi árum

Dalabyggð er í kjarna sínum gjöfult landbúnaðarsvæði með ríkulegan menningar- og sagnaarf. Með áherslu á þennan menningararf er hægt að byggja upp nýja og áhugaverða ferðamannastaði og þannig fá ferðafólk til að staldra meira við á ferð sinni um svæðið. Uppbygging menningarseturs gæti einnig

dregið að ferðamenn og á sama tíma gefið núverandi menningarstarfi byr undir báða vængi.

Sérstaða Dalabyggðar er einnig fólgin í landbúnaði en bæði landslag og samfélagið sjálft er mótað af landbúnaði. Með því að hlúa að núverandi landbúnaði og auka fjölbreytileika í ræktun og framleiðslu matvæla eða nytjaplantna, væri hægt að viðhalda þessari sérstöðu svæðisins. Svæðið gæti orðið mikilvægur liður í að stuðla að fæðuöryggi þjóðarinnar.

Uppbygging og markaðssetning

Hluti af Vestfjarðaleið liggur í gegnum Dalabyggð og felast möguleikar þar í ferðapjónustu og annarri þjónustustarfsemi.

Vestfjarðaleið er verkefni í þróun þar sem Vestfjarðarhringurinn og Dalir verða skilgreind sem ferðamannaleið og áhersla verður á lengri dvöl og lengingu ferðamannatímabilsins á svæðinu. Vestfirðir rötuðu efst á lista Lonely Planet yfir ferðamannastaði að heimsækja árið 2022 og má því gera ráð fyrir auknum ferðamannastraumi til Vestfjarða og þ.a.l. líka til Dalabyggðar. Sú aukning mun aðeins skila sér til byggðalagsins ef áningarstaðir, gististaðir og þjónusta eru til staðar sem hvetja ferðamenn til að staldra við í Dalabyggð. Samhliða því að bjóða upp á nýja afþreyingarmöguleika þyrfti einnig að markaðssetja þá áfangastaði sem þegar eru á svæðinu og auka þannig ásókn til þeirra. Skortur á hleðslustöðvum getur á hinn bóginn dregið úr líkum á ferðum og dvöl ferðamanna á svæðinni og er því mikilvægt að greina hvar sé þörf á hleðslustöðvum og koma þeim svo í kjölfarið upp.

Fjölmargir áfangastaðir í Dalabyggð eru skilgreindir sem fyrirhuguð framkvæmdarverkefni í áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023.¹⁸

¹⁸ https://indd.adobe.com/view/7f46ff6a-ff86-4119-9bbc-bo5bcfebo3a3?fbclid=IwAR1dLY_icvpwfW1hNwgJjZUT7bYx_sMm73_uozsgJFXavFO2PPoJVfpUhKxY




Mynd 21 - Eiríksstaðir, Dalabyggð.

Í áfangastaðaáætlun Vesturlands kemur fram að áhersla verði á að ferðast og njóta, þar sem fari saman sjálfbærni og auðlindanýting í ferðapjónustu á Vesturlandi. Einnig verður áhersla á framleiðslu og sölu matvæla úr héraði. Þessi stefna ber með sér hugmyndir um hæglæti og sjálfbærni, sem gæti hentað einkar vel fyrir markaðssetningu og þróun ferðapjónustu í Dalabyggð sem byggir þá á þeim grunni sem fyrir er. Sveitarfélagið hefur einsett sér að fylgja hæglætisstefnu í ferðapjónustu og er ráðgert að móta stefnuna árið 2023.

Samkvæmt vinnslutillögu að umhverfismati fyrir aðalskipulag Dalabyggðar er lagt til að uppbygging ferðamannastaða verði á fáum tilteknum stöðum og að skilgreindir innviðir í Dalabyggð verði byggðir upp til að taka á móti fjölda ferðafólks.¹⁹ Samkvæmt þessu er áherslan á stærri frekar en minni áfangastaði sem almennt hefur verið þróunin í Dalabyggð. Skoða þarf hversu vel sú nálgun hentar umhverfi og aðstæðum í Dalabyggð og hversu vel hún fer með framtíðarstefnu Dalabyggðar í ferðamálum.

Í áfangastaðaáætlun Vesturlands má sjá áfangastaðaáætlun Dalabyggðar en þar er áherslan önnur og snýr að stikun leiða, skipulagningu gönguleiða og uppbyggingu á útsýnisstöðum. Ekki er að sjá að stærri uppbygging áfangastaða sé í kortunum. Eigi að byggja upp fáa en stærri ferðamannastaði á svæðinu væri ráð að gera veginn um strandir aðgengilegri og setja Klofning á kortið sem áfangastað ferðamanna. Yrði hugmynd um menningarsetur að veruleika gætu einnig legið tækifæri þar, til uppbyggingar og atvinnusköpunar í ferðapjónustu. Á næstu blaðsíðu er listi yfir fyrirhugaðar framkvæmdir.

¹⁹ <https://dalir.is/wp-content/uploads/2021/12/ASK-Dalabyggdar-UMA-vinnslutillaga-ID-212923.pdf> (bls. 21).

Dalabyggð 		
Staður	Tilgangur	Verkefni
Klofningur	Áningarstaður, útivistarleið, útsýni	Aðkoma, aðgengi og upplýsingagjöf
Búbardalur	Útivistarstígar/áning innanbæjar - tenging við nærsvæði	Stefnumótun, skipulag og framkvæmdir
Laugar í Sælingsdal	Útivistarleiðir	Stíkun leiða, merkingar og upplýsingar
Guðrúnarlaug í Sælingsdal	Áningarstaður, náttúruaug	Stefnumótun, aðkoma, aðstaða, upplýsingar og merkingar
Dalahyttur	Útivistarleiðir og náttúruaugar	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
Skrauma	Áningarstaður, útsýni, útivistarleið	Stefnumótun
Vinlandssetur	Áningarstaður, upplifun, menning- og saga	Áframhaldandi uppbygging aðgengis og umhverfis
Staðarhöll í Dölum	Áningarstaður, útivistarleið	Áframhaldandi uppbygging
Merkjahryggur á Bröttubrekku	Áningarstaður, útsýnisstaður	Stefnumótun, skipulag, hönnun og uppbygging
Seljatand	Útivistarleið	Stíkun leiða, merkingar og upplýsingar
Eiriksstaðir	Áningarstaður	Áframhaldandi uppbygging
Straumur	Áningarstaður	Stefnumótun
Kolsstaðir	Uppbygging ferðamannastaðar	Stefnumótun, hönnun og uppbygging
Halfratindur	Útivistarleið	Stefnumótun, stíkun leiða, merkingar og upplýsingar

Mynd 22 - Úr Áfangastaðaáætlun Vesturlands

Miklir möguleikar geta líka falist í lágstemmdari upplifunar sköpun fyrir ferðamenn, með áherslu á sögustaði, mat og menningu. Dalirnir einstaklega vel til útivistar og væri einnig hægt að nota ímynd Dalanna við markaðssetningu á slíkri ferðapjónustu. Þetta býður þar að leiðandi upp á vænleika fyrir hægglætisferðapjónustu með áherslu á mat og upplifun úr héraði.

Félagsmál og menning

Á íbúapingi í mars 2022 kom fram vilji til að efla félagslíf í Dalabyggð. Dalabyggð á marga húsakosti sem sumir hverjir eru vannýttir og gæti falist tækifæri í því að nýta húsnæði Dalabyggðar undir menningar- og félagsstarf. Var Staðarfell t.d. nefnt í því samhengi en það er reyndar í eigu ríkisins.

Sveitarfélagið á einnig bæði listmunasafn og byggðasafn sem ekki hafa sýningarstað. Meðal áhersla í Byggðaáætlun er nýting menningarminja þar sem lagt er til að skoðaðir séu nýtingarmöguleikar og sóknatækifæri sem felast í minjaarfi. Skoða þarf möguleikana sem felast í húsnæðiskosti sveitarfélagsins með það að markmiði að efla lista- menningar- og félagslíf í byggðalaginu.

Ljóst er einnig að íbúar Dalabyggðar spila hér aðalhlutverk en með samhentum átaki áhugasamra einstaklinga væri vel hægt að byggja upp grósku í menningar-, lista-, og félagslífi, samfélaginu til heilla. Slík gróska myndi gera Dalabyggð að enn ákjósanlegri búsetukosti til framtíðar.

Samantekt og lokaorð

Dalabyggð stendur á tímamótum. Á sama tíma og huga þarf að langtímauppbyggingu þarf að bregðast við núverandi stöðu byggðalagsins. Ljóst er að verkefni eru margs konar og margt sem er á forræði ríkis þarf að bæta úr, svo sem innviðauppbygging og rekstrarforsendur í landbúnaði. Sveitarfélagsins býður svo ærið verkefni að huga að uppbyggingu og nýtingu á húsnæði ásamt því að þjónusta fámennt en víðfeðmt byggðarlag.

Íbúar búa yfir mannauði og þekkingu sem getur skilað sér í grósku í atvinnuuppbyggingu og félagslífi. Verkefninu DalaAuður er ætlað að vera innspýting fyrir slíka nýsköpun og tæki til að halda málefnum byggðalagsins á lofti. Það er von verkefnisstjórnar að með samtakamætti ríkis, sveitarfélags og íbúa takist að snúa neikvæðri byggðapróun við í Dalabyggð.

SVÓT-greining DalaAuður

Styrkleikar

- Menningararfur og saga svæðisins
- Mikil landgæði til fjölbreyttar ræktunar
- Ferðapjónusta í sókn og öflugir sprotar komnir á legg
- Grunnþjónusta til staðar, svo sem dvalarheimili, heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónusta
- Góð aðstaða í samreknnum grunn-, leik- og tónlistarskóla
- Falleg náttúra
- Frábært landsvæði til útivistar
- Mikill mannaúður
- Góð staðsetning og tengist Borgarfirði, Snæfellsnesi, Norðurlandi Vestra og Vestfjörðum.

Veikleikar

- Vegakerfið almennt ekki gott og mikið hlutfall vega malarvegir
- Mikið um landbúnað en takmörkuð verðmætasköpun til bænda
- Fjarskipti of víða bágborin
- Fámenni og víðfeðmt svæði, sem gerir grunnþjónustu erfiðari
- Samdráttur í verslun og dyrt að versla í heimabyggð
- Húsnæðisskortur, bæði á íbúðar- og atvinnuhúsnæði
- Hátt hlutfall eldri íbúa
- Þrífösun ekki lokið og raforkuöryggi bágborið.

SVÓT greining

Ógnir

- Sauðfjárrækt á undir högg að sækja og mjólkurframleiðsla er á undanhaldi
- Breytt neyslumynstur hefur áhrif á kvikfjár búskap
- Áframhaldandi skekkt aldursdreifing og fækkun íbúa
- Hægagangur í innviðauppbýggingu
- Viðvarandi húsnæðisskortur
- Hár byggingarkostnaður og aðföng
- Fábreytni í atvinnulífi
- Ásókn fyrirtækja og fjárfesta í jarðnæði
- Skortur á fagfólki og iðnmenntuðu fólki.

Tækifæri

- Aukið félagslíf og félagsstarf
- Menningar- og fræðasetur sem einnig myndi hýsa safnkosti Dalabyggðar
- Nýsköpun og fjölbreytni í landbúnaði og matvælaframleiðslu
- Að gera Dalabyggð aðlaðandi fyrir nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta
- Fjölgun á störfum án staðsetningar og möguleikar Nýsköpunarseturs í Búðardal
- Uppbýggingu innviða, bæði í orkumálum og samgöngum
- Uppbýgging íþróttamannvirkja í Búðardal
- Uppbýgging iðngarða
- Ferðapjónusta, sérstaða og staðsetning nýtt til að móta Dalabyggð sem nýjan áfangastað á Íslandi.

Viðauki. Snertifletir við aðrar opinberar áætlanir

Í lok sumars 2022 verður lögð fram verkefnisáætlun DalaAuðar á íbúafundi þar sem sett verða fram starfsmarkmið fyrir næstu fjögur ár, þar sem reynt verður að efla byggðalagið og ýta undir jákvæða byggðapróun. Snertifletir eru á Verkefnisáætlun DalaAuðs og eftirtalinna opinberra áætlana:

Byggðaaætlun

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 var samþykkt í júní 2022. Hún er lýsing á stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni. Meginmarkmið hennar er að jafna aðstöðu og efla sjálfbæra byggðapróun. Í henni er lagt til að sérstök áhersla sé lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.²⁰

Byggðaaætlun er stefna og henni fylgir tímasett aðgerðaráætlun til fimm ára. Gert er ráð fyrir framkvæmd aðgerða sem falla undir Byggðaaætlun í fjárlögum ríkisins.

Meðal þátta sem Byggðaaætlun snertir á eru orkumál, nýsköpun, atvinnumál o.fl. og gæti því verið samlegð milli Byggðaaætlunar og Verkefnisáætlunar DalaAuðs.

Samgönguáætlun 2019-2033.

Í samgönguáætlun setja stjórnvöld fram stefnu og markmið fyrir allar greinar samgangna. Meginmarkmiðið er að samgöngur verði greiðar, hagkvæmar, umhverfislega sjálfbærar og að þær

²⁰ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/>

stuðli að jákvæðri byggðapróun.²¹

Samgönguáætlun Vesturlands

Samgönguáætlun Vesturlands gildir frá 2017-2029 og er hún sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vesturlandi um samgöngumál í landshlutanum. Þar er framkvæmdum forgangsraðað og kallað eftir mikilvægum umbótum þar sem þeirra er þörf. Þar á meðal er kallað eftir uppbyggingu vega og tvöföldum brúa í Dalabyggð.

Sóknaráætlun Vesturlands

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) hefur umsjón með Sóknaráætlun Vesturlands og framkvæmd hennar. Í Sóknaráætlun er sett fram framtíðarsýn og stefna fyrir Vesturland og gildir núverandi áætlun frá 2020-2024. Uppbyggingarsjóður Vesturlands veitir styrki til menningar- og nýsköpunarverkefna sem falla að meginmarkmiðum Sóknaráætlunar Vesturlands.²² Megináherslurnar eru eftirfarandi:

Velferð: að auka hamingju, félagslega virkni og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

Umhverfi: að auka umhverfisvitund íbúa, stuðla að kolefnisspor dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.

Samgöngur: Að auka umferðaröryggi með auknu hlutfalli vega með bundnu slitlagi, fjölga hleðslustöðvum og auka hlutdeild almenningsgangna.

Atvinna og nýsköpun: Að stuðla að vexti atvinnu, auka nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga störfum án

²¹ [Samgönguáætlun 2019-2033](#)

²² <https://ssv.is/wp-content/uploads/2019/12/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun-Vesturlands-2020-2024.pdf>

staðsetningar.

Mening: Að auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera ápreifanlega í verðmætasköpun landshlutans.

Töluverð samlegð er milli Sóknaráætlunar Vesturlands og Verkefnisáætlunar DalaAuðs.

Svæðisskipulag

Svæðisskipulag er í gildi fyrir Reykhóla, Strandir og Dalabyggð. Í svæðisskipulagi er sett fram stefna um byggðapróun og sameiginlega hagsmuni. Áhersla er lögð á þrjú svið: landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu.²³

Sameiginleg framtíðarsýn er að í Dalabyggð, Reykhólahreppi og Strandabyggð:

- Eflist atvinnulíf sem byggir á auðlindum og sérkennum í náttúru, landslagi, menningu og sögu svæðisins.
- Blómgist mannlíf sem einkennist af samheldni og mikilli umhyggju og virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins.
- Styrkist staðarandi sem birtist í mannvirkjum og landslagi.

Aðalskipulag

Unnið er að staðfestingu á endurskoðuðu aðalskipulagi en núverandi skipulag var samþykkt 2014. Skipulags- og matslýsing var lögð fram til kynningar árið 2020.²⁴

Í drögum að nýju aðalskipulagi Dalabyggðar er að finna tillögu

²³ https://dalir.is/Files/Skra_0078457.pdf

²⁴ [ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR](#)

að leiðarljósi fyrir sveitarfélagið og segir þar: “*Dalabyggð stefnir að því að verða hæglætissamfélag með sterkar rætur í sögu, menningu og náttúru svæðisins. Í því felst að vinna að auknum lífsgæðum íbúa, sjálfbærni daglegs lífs og þoli samfélagsins gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Skapa á góð skilyrði fyrir heilbriggt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag, þróttmikið mennta-, menningar- og íþróttastarf og öflugt atvinnulíf.*”

Tengist þessi sýn beint inn í vinnu DalaAuðs, stefnu verkefnisins og verkefnisáætlun.

Stefna Dalabyggðar 2019-2022

Nýsköpunarmiðstöð Íslands var fengin til að vinna að stefnu fyrir Dalabyggð og var stefnan m.a. mótuð úr niðurstöðum íbúapings.²⁵ Gildir stefnan til ársins 2022. Á sama tíma mun stefna DalaAuðs vera sett fram og á hún að endurspeglar áframhaldandi áherslur og væntingar íbúa og þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu, þ.e. Dalabyggðar, Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi og Byggðastofnunar.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands

Áfangastaðaáætlun Vesturlands gildir 2021-2023 og var unnin af Markaðsstofu Vesturlands (áður Áfangastaðastofa Vesturlands).²⁶ Um er að ræða áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á Vesturlandi á tímabilinu. Áherslan er á sjálfbærni í ferðapjónustu og að Vesturland bjóði ferðamönnum upp á tækifæri að dvelja og njóta á svæðinu.

²⁵ [Stefna Dalabyggðar 2019 – 2022](#)

²⁶ <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/afangastadaaetlanir/afangastadaaetlun-og-ahersluverkefni-vesturlandsstofa-2021-2023.pdf>

Svæðið bjóði upp á gott úrval af góðum vörum og þjónustu og eftirsóknarverða menningar- og náttúruupplifun. 14 staðir í Dalabyggð eru skilgreindir sem áfangastaðir í áætluninni. Áætlunin er stefna sem nýtist Dalabyggð í framtíðar stefnumótun í ferðaþjónustu.

**Stöðuskýrsla þessi var unnin af Verkefnisstjórn
DalaAuðs. Verkefnisstjórnina skipa:**

Björn Bjarki Þorsteinsson, fulltrúi Dalabyggðar
Páll S. Brynjarsson, fulltrúi SSV
Ólafur Sveinsson, fulltrúi SSV
Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi íbúa
Þorgrímur Einar Guðbjartsson, fulltrúi íbúa
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar
Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Að skýrslunni unnu einnig:

Linda Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri DalaAuðs SSV
Vífill Karlsson, hagfræðingur og atvinnuráðgjafi SSV

